# Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 3. bekkur
# skólaárið 2024 – 2025

**Kennari:** Manfred Lemke
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku þriðjungi af skólaárinu

## Virðing-Ábyrgð-Árangur-Ánægja

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk** | Læri að nota verkfæri og vélar við hæfi á öruggan hátt.<br><br>Kynnist hættum sem fylgja notkun verkfæra og véla sem þau nota.<br><br>Hefur kynnst því hvernig á að saga í tifsög og bora með borvél<br><br>Þekki og geti unnið úr nokkrum gerðum smíðaefna aðallega úr tré<br><br>Unnið leiðbeiningum við hæfi | **Nemendur læra:**<br><br>**Verkfæri:**<br>að nota sagir (bakkasög og laufsög)<br>að nota sandpappír<br>að nota þvingur<br><br>Tæki og vélar:<br>Tifsög<br>Súluborvél<br><br>að þekkja efnin sem þau vinna mest með | Kennari sinnir leiðsagnarmati á meðan á vinnu nemenda stendur.<br>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hönnun og tækni** | Kann að framkvæma einfaldar samsetningar (líma, negla skrúfa) og velja aðferð við hæfi.<br><br>Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form, uppbyggingu og notagildi.<br><br>Notað yfirborðsmeðferð á einfaldan hátt. | **Nemendur læra:**<br>Setja saman hluti á einfaldan hátt s.s. líma, negla og skrúfa og hva'a aðferð hentar best í hverju tilviki.<br><br>að teikna hugmyndina á blað og klippa út - búa til skapalón<br>að forma hlutinn með sandpappír eða raspi<br>að slípa og pússa<br><br>að mála, lakka, nota olíu á verkefnið. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |
| **Umhverfi** | Hafi kynnst því hvernig nýta má efnivið sem er verið að vinna með.<br><br>Öryggi og gildi. | **Nemendur læri:**<br>að þekkja og nýta efni sem eru við þeirra hæfi<br>að nýta efni úr umhverfinu<br><br>að nota eyrnahlífar og hlífðargleraugu eftir atvikum<br>rétta líkamsstöðu við vinnu. | |

**Námsgögn:**
Bækur, blöð og efni á netinu til hugmyndavinnu. Efniviður sem skólinn kaupir og einnig er í boði að nemendur komi með efni sem þeir vilja nota (kannski eitthvað sem þeir hafa fundið í fjörunni eða annarsstaðar).

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið eftir þetta skólaár.
Einnig notar kennarinn leiðsagnarmat sem fer fram í hverjum tíma.
Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi og safna þannig á hæfnikort sitt.